

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greidd í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af sömu aðilum eftir reikningum sem Siglingamálastofnunin gefur út, eftir því sem gjöldin falla til, þó skal heimilt að innheimta gjöldin á skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar í Reykjavík, er hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum Siglingamálastofnunarinnar laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í undæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í ríkissjóð, en krefja Siglingamálastofnun ríkisins um þóknun skoðunarmanna.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í ríkissjóð, en krefja Siglingamálastofnun ríkisins um þóknun skoðunarmanna.

Reglugerð þessi, sem selt er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gíði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa, nr. 248/1970.

Samgönguráðuneytið, 20. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUR

um merkingu skipa.

1. gr.

Nafn hvers skips og heimahafnar þess skal málað á afturstafn, ljósum stöfum á dökkann grunn eða dökkum stöfum á ljósan grunn. Sé afturstafn þannig lagaður að þessu verði ekki við komið, skal nafn þess og heimahafnar málað beggja megin á hliðar þess við afturstafn. Á sama hátt skal mála nafn skipsins á bóga þess.

Fiskiskip, skulu auk þess að vera merkt, sem að ofan greinir, vera merkt undæmisstöfum og tölum á bóginn beggja megin.

Á hvert skráð skip, sem þjóðernisskírteini hlýtur, skal marka einkennisstafi þess á lúgubita eða karm.

Skip, sem eru minni en 30 brl., þarf ekki að merkja á eða við afturstafn.

2. gr.

Hvert skipaskráningarundæmi hefur sína undæmisbókstafi og skulu skráningarskyld fiskiskip og bátar bera undæmisbókstafi og tölur þess undæmis, sem það er skráð í.

Umdæmisbókstafirnir eru þessir:

AK	Akranes.
ÁR	Árnessýsla.
BA	Barðastrandarsýsla.
EA	Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.
GK	Gullbringusýsla.
*HF	Kjósarsýsla og Hafnarfjörður.
HU	Húnavatnssýslur.
ÍS	Ísafjarðarsýslur og Ísafjörður.
KE	Keflavík.
KÓ	Kópavogur.
MB	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
NK	Neskaupstaður.
NS	Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður.
ÓF	Ólafsfjörður.
RE	Reykjavík.
SF	Skaftafellssýslur.
SH	Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
SI	Siglufjörður.
SK	Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur.
ST	Strandasýsla.
SU	Suður-Múlasýsla.
ÞH	Þingeyjarsýslur.
VE	Vestmannaeyjar.

3. gr.

Hæð bókstafa í nafni og heimilisfangi skal minnst vera þessi:

Á skipum 30 brl. og stærri.	15 cm
Á skipum undir 30 brl.	12 cm

Hæð umdæmisbókstafa og talna skal vera minnst:

Á fiskiskipum 30 brl. og stærri	45 cm
Á fiskiskipum undir 30 brl.	25 cm
Á opnum vélbátum	20 cm
Hæð einkennisbókstafa	15 cm

4. gr.

Á hvern björgunarbát, aðra en gúmmi- og slöngubáta, skal marka stærð hans, lengd, breidd og dýpt, og hámarkstölu þeirra manna, sem hann má flytja, auk nafns skipsins og heimahafnar, nema ef um bát á fiskiskipi sé að ræða, þá má merkja hann umdæmisbókstöfum og tölum í stað nafns og heimahafnar.

Bjarghringar skulu merktir nafni og heimahöfn skipsins, eða nafni og umdæmisbókstöfum og tölum, ef um fiskiskip er að ræða.

* Skip og bátar, sem heima eiga í Kjósarsýslu eða Hafnarfirði mega halda umdæmisbókstöfum (GK) og tölum óbreyttum, en við frumskráningu skips eða umskráningu vegna eigendaskipta, skal það hljóta umdæmisbókstafina HF.

5. gr.

Bannað er að afmá einkenni þau, sem að ofan greinir, eða afbaka þau, gera þau óþekkjanleg, hylja þau eða dylja. Sama gildir um útlend skip meðan þau eru innan íslenskrar landhelgi.

6. gr.

Sú skylda hvílir á skipstjóra skips að halda vel við öllum merkjum, er skipi ber að hafa og sett hafa verið á það.

7. gr.

Brot gegn reglum þessum varða allt að kr. 100 000 sektum.
Með mál út af brotum á reglum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 53 12. maí 1970, um skráningu skipa, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um merkingu skipa, nr. 25 25. febrúar 1954, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 25. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað,
nr. 39 9. febrúar 1973.

1. gr.

38. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Hafnsögugjald skal greiða sem hér segir:

- a. Fyrir leiðsögn til og frá höfninni, kr. 2 000.00 fyrir hvert skip. Auk kr. 4.00 fyrir hverja brúttórúmlast, nema strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, þau greiði kr. 2.00 á brúttórúmlast.
- b. Fyrir færslu skipa um höfnina kr. 2 000.00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.